

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - apríl 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 2,9 milljarða króna samanborið við 0,3 milljarða á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 2,4 milljarða, samanborið við 1,9 milljarða króna á sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu rúmlega 77 milljörðum króna og hækka um 5 milljarða frá fyrra ári, eða um tæplega 7%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka minna, eða um rúmlega 5%. Til samanburðar má nefna að almennar verðbreytingar námu rétt rúmlega 8% á þessu tímabili og því ljóst að áfram gæti nokkurs samdráttar í efnahagslífinu. Hins vegar benda þessar tölur til þess að samdrátturinn sé í rénun. Til marks um þetta má nefna að tekjur af virðisaukaskatti fyrstu fjóra mánuði ársins hækka um 1½ milljarð króna frá sama tíma í fyrra, eða sem nemur tæplega 7½%. Það svarar til um ½% samdráttar að raungildi, samanborið við 9% samdrátt fyrstu þrjá mánuði ársins. Innheimta vörugjalds af bílum bendir til sömu niðurstöðu, þ.e. til minni samdráttar.

Greidd gjöld nema 80,1 milljarði króna og hækka um rúma 7½ milljarð frá fyrra ári, eða 10,4%. Mestu munar um 3,1 milljarðs króna hækkun á greiðslum til heilbrigðismála. Þar af er 1½ milljarður vegna reksturs sjúkrahúsa, 600 m.kr. vegna hjúkrunarstofnana og aðrar 600 m.kr. vegna sjúkratrygginga. Þá hækka fræðslumál um 1,1 milljarð og almenn stjórnsýsla um 0,8 milljarða króna. Vaxtagreiðslur og greiðslur til atvinnumála standa í stað milli ára.

Á árinu var tekið erlent langtímalán að fjárhæð 21,6 milljarðar króna. Ætlunin er að auka vægi langtímalána og gert er ráð fyrir að erlend skammtímalán fari lækkanði á næstu mánuðum. Lántökur innanlands námu 2,2 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 16,7 milljarðar og munar mestu um 10 milljarða króna gjalddaga erlends langtímaláns. Þá voru 3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 4,3 milljarða króna, samanborið við rúman 1 milljarð á sama tíma í fyrra.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl (í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Innheimtar tekjur.....	49.973	61.272	68.029	72.307	77.246
- Sala eigna.....	-	-376	-	-	-20
Greidd gjöld.....	49.294	54.575	59.434	72.543	80.131
Handbært fé frá rekstri.....	679	6.321	8.595	-236	-2.905
Fjármunahreyfingar.....	1.294	572	2.418	-1.698	540
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	1.973	6.893	11.013	-1.934	-2.366
Afborganir lána.....	-6.532	-16.386	-18.904	-21.441	-16.696
Innanlands.....	-6.358	-6.734	-10.114	-6.688	-6.556
Erlendis.....	-174	-9.652	-8.790	-14.753	-10.140
Greiðslur til LSR og LH.....	0	-767	-2.000	-5.000	-3.000
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-4.559	-10.260	-9.891	-28.374	-22.062
Lántökur.....	5.415	11.036	14.080	29.417	26.343
Innanlands.....	11.167	1.811	6.743	8.685	2.189
Erlendis.....	-5.752	9.225	7.337	20.732	24.154
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	856	776	4.189	1.042	4.281

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Skatttekjur í heild.....	63.561	67.187	70.679	21,4	12,3	5,7	5,2
Skattar á tekjur og hagnað.....	20.098	23.509	25.421	14,5	21,6	17,0	8,1
Tekjuskattur einstaklinga.....	14.069	15.738	18.048	12,7	14,5	11,9	14,7
Tekjuskattur lögaðila.....	2.258	2.942	1.710	24,4	19,9	30,3	-41,9
Skattur á fjármagnstekjur.....	3.771	4.829	5.663	16,6	60,0	28,1	17,3
Tryggingagjöld.....	6.117	6.664	7.334	19,6	6,0	8,9	10,1
Eignarskattar.....	2.958	3.398	3.060	10,4	12,4	14,9	-9,9
Skattar á vöru og þjónustu.....	34.241	33.427	34.720	26,9	8,4	-2,4	3,9
Virðisaukaskattur.....	22.015	21.484	23.042	28,9	11,3	-2,4	7,3
Aðrir óbeinir skattar.....	12.225	11.945	11.677	23,8	3,5	-2,3	-2,2
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	1.595	1.089	827	55,6	-13,9	-31,7	-24,1
Vörugjöld af bensíni.....	2.420	2.266	2.098	-0,3	14,4	-6,4	-7,4
Þungaskattur.....	1.674	1.832	1.795	20,4	18,1	9,4	-2,0
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	2.489	2.451	2.374	10,8	-1,7	-1,5	-3,1
Annað.....	4.047	4.307	4.583	40,7	4,0	6,4	6,4
Aðrir skattar.....	147	189	144	-17,1	133,3	28,6	-23,8
Aðrar tekjur.....	4.471	5.120	6.572	53,3	-4,3	14,5	28,4
Tekjur alls.....	68.029	72.307	77.246	23,4	11,0	6,3	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Almenn mál.....	6.915	7.198	8.712	13,1	13,1	4,1	21,0
Almenn opinber mál.....	4.076	4.064	4.865	17,2	12,7	-0,3	19,7
Löggæsla og öryggismál.....	2.840	3.136	3.846	7,6	13,6	10,4	22,6
Félagsmál.....	34.430	41.351	47.090	10,9	3,8	20,1	13,9
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	8.107	9.191	10.528	24,0	7,8	13,4	14,5
Heilbrigðismál.....	13.867	16.229	19.334	11,1	5,1	17,0	19,1
Almannatryggingamál.....	10.572	13.781	14.644	1,9	-0,7	30,4	6,3
Atvinnumál.....	8.658	10.737	10.759	15,6	8,5	24,0	0,2
Þar af: Landbúnaðarmál.....	3.644	4.239	3.812	14,6	16,3	16,3	-10,1
Samgöngumál.....	2.719	3.716	4.253	15,1	-3,4	36,7	14,5
Vaxtagreiðslur.....	7.012	9.613	9.802	5,7	28,3	37,1	2,0
Aðrar greiðslur.....	2.416	3.642	3.768	-3,2	30,2	50,7	3,5
Greiðslur alls.....	59.434	72.543	80.131	10,7	8,9	22,1	10,5